



Riding for children with critical illnesses

**Við hjólum til styrktar börnum
með alvarlega sjúkdóma**

Styðjið starf Team Rynkeby-sjóðsins



**STYRKTARFÉLAG
KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA**



Styðjið starf Team Rynkeby-sjóðsins

Team Rynkeby er samnorrænt góðgerðaverkefni. Þátttakendur þess hjóla á hverju ári til Parísar til styrktar börnum með alvarlega sjúkdóma.

Verkefnið byrjaði árið 2002 þegar 11 hjólréiðamenn með tengsl við goddrykkjaframleiðandann Rynkeby Foods ákváðu að hjóla til Parísar til að hreyfa sig og fylgjast með lokum Tour de France.

Þátttakendurnir söfnuðu styrkjum fyrir ferðinni og gekk svo vel að peningur var afgangur þegar heim var komið. Féð var síðan gefið deild krabbameins-sjúkra barna í háskólasjúkrahúsinu í Óðinsvéum í Danmörku og þar með var hefðinni komið á.

Frá fyrstu ferðinni hefur Team Rynkeby-sjóðurinn safnað meira en 5,4 milljörðum íslenskra króna fyrir börn með alvarlega sjúkdóma.



Riding for children with critical illnesses



Framlag þitt rennur óskert til hjálpar börnum með alvarlega sjúkdóma

Team Rynkeby Danmörk styður tvö málefni árið 2019, Krabbameinssjúk börn og börn með lungnasjúkdóma.

Stærsti hluti peninganna fer til styrktar krabbameinssjúkum börnum en fé sem gefið er í tengslum við skólahlaup Team Rynkeby í Danmörku rennur til barna með lungnasjúkdóma.

Allir þátttakendur í Team Rynkeby frá hvaða landi sem er greiða fyrir eigin kostnað, en Rynkeby Foods, God Morgon og hohes C greiða allan sameiginlegan kostnað verkefnisins.

Þar með renna öll framlög – stór og smá – beint til þeirra samtaka sem Team Rynkeby-sjóðurinn á í samstarfi við í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi og Þýskalandi.

Vertu hluti af einu sýnilegasta góðgerðarverkefni Evrópu

Einstakir samstarfsmöguleikar

Team Rynkeby býður upp á einstaka samstarfsmöguleika með alþjóðlegum slagkrafti sínum og tengslaneti.

Allir plátínu- og gullstyrkir þurfa að hafa borist og vera samþykktir fyrir 18. janúar 2019. Eftir þessa dagsetningu er ekki lengur hægt að fá lógóið sitt á fatnaðinn.



Platínustyrktaraðilar

Sem plátínustyrktaraðili Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á reiðhjólafatnaðinn (sex lið)
- Styrktarkynningu á vefsíðu Team Rynkeby, t.d. varðandi tilboð og afslætti, kynningarvideó eða link á eigin vefsíðu.
- Lógó á fylgibíla (sex lið)
– (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega merki)
- Lógó á forsíðuna á vefsíðu Team Rynkeby
- Eina sérhannaða hjólatreyju með lógóum frá öllum Team Rynkeby plátínustyrktaraðilum
- Styrktaraðilaskírteini
- Plátínustuðningsborða til notkunar á eigin vefsíðu

Verð: Frá 2.000.000



Gullstyrktaraðili

Sem gullstyrktaraðili Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á reiðhjólafatnaðinn (eitt lið)
- Lógó á fylgibíla (eitt lið)
– (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega merki)
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Styrktaraðilaskírteini
- Gullstuðningsborða til notkunar á eigin vefsíðu

Verð: Frá 400.000



Silfurstyrktaraðili

Sem silfurstyrktaraðili Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á fylgibíla (eitt lið)
– (það er á ábyrgð styrktaraðilans að útvega merki)
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Silfurstuðningsborða á eigin vefsíðu

Verð: Frá 200.000



Styrktaraðili liðs

Sem styrktaraðili Team Rynkeby-liðs styður þú einstakt lið með því að leggja til vörur, þjónustu eða peninga. Hlutverk styrktaraðila er að halda kostnaði þátttakenda í lágmarki en þeir geta einnig gefið sýnishorn af vörum eða gert sig sýnilega í liðinu á annan hátt.

Sem styrktaraðili liðs hjá Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Liðsstuðningsborða á eigin vefsíðu

Verð: Vörur, þjónustu eða peninga.

Bronsstyrktaraðili

Sem bronsstyrktaraðili Team Rynkeby færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby
- Bronsstuðningsborða á eigin vefsíðu

Verð: Frá 10.000





Fimmta hvert barn lifir ekki af krabbamein

Stærsti hluti fjármagnsins sem Team Rynkeby safnar rennur til rannsókna á krabbameini hjá börnum.

Hin sorglega staðreynd er að eitt af hverjum 450 börnum fá krabbamein fyrir 15 ára aldur – fimmta hvert barn lifir sjúkdóminn ekki af. Þetta þýðir að krabbamein er banvænasti sjúkdómurinn hjá börnum á aldrinum 1-15 ára. Og ekki nóg með það. Um helmingur þeirra barna sem lifa af krabbamein þarf að lifa við ýmsar tegundir fylgikvilla. Þeir geta til dæmis verið einbeitingarskortur, útlímamissir, ófrjósemi og alvarlegur heilaskaði.

Þörf er á fjármagni til rannsókna

Til að fleiri börn lifi af krabbamein, með færri fylgikvillum, er nauðsyn á frekari rannsóknum á krabbameini hjá börnum.

Team Rynkeby-sjóðurinn styður rannsóknir á krabbameini hjá börnum í gegnum samtök sem starfa á því sviði í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi og Þýskalandi. Rannsóknarverkefni eru valin af vísindanefndum þeirra samtaka sem Team Rynkeby-sjóðurinn vinnur með í hverju landi fyrir sig.



Hjálpaðu okkur að hjálpa börnum með alvarlega sjúkdóma

Sem styrktaraðili Team Rynkeby styður þú ekki aðeins góðan málstað. Þú tekur einnig þátt í að vekja athygli á heilbrigðum lífsstíl og börnum með alvarlega sjúkdóma.

Team Rynkeby er langstærsta hreysti- og góðgerðarverkefnið í Evrópu og fær á hverju ári þúsundir manna til að gera sjálfum sér og öðrum gott.

Tengiliður

Viðar Einarsson

Líðsstjóri

Team Rynkeby Ísland

Sími: 617 2790

ve@team-rynkeby.com





Riding for children with critical illnesses



STYRKARFÉLAG
KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA

Styðjið starf Team Rynkeby-sjóðsins

www.team-rynkeby.is

[www.facebook.com/
TeamRynkebyIsland](https://www.facebook.com/TeamRynkebyIsland)

www.team-rynkeby.com/linkedin